

LION



Íslensk útgáfa

www.lions.is

blað nr. 330

febrúar 2022



We Serve

Megi nýja árið færa ykkur aukin tækifæri til þjónustu

Pistill Alþjóðaforseta



Kæru Lionsfélagar
 Ég elska janúarmánuð vegna þess að hann ber nýjar vonir, nýtt ár og nýja byrjun. Þegar við erum í miðju tímabili í erilsamri þjónustu sem lionsfélagar, þá finnst mér gott að staldra við og líta yfir almanaksárið,- það sem er að líða og það sem er rétt að byrja. Það er dásamlegt að líta til baka á allt sem ég gerði á liðnu ári en samt er jafn áriðandi að skoða hvað mætti betrumbæta á nýju ári. Hvað gat ég gert betur? Síðan að reyna að bæta mig í þjónustunni. Með þessu ákveð ég á hverju ári að vera Lion. Ég get ekki hugsað mér neina leið jafn þýðingarmikla en að byrja nýtt ár með því að leggja lið.

Lionsfélagar, þið eruð að gera svo mikið en gefið ykkur samt tíma til að halda uppá afrekin.

Síðan getið þið spáð í hvað mætti betrumbæta á komandi mánuðum.

Við getum öll gert betur. Heimurinn er í þörf. Hvað er það sem þú getur gefið af þér?

Ég sendi öllum Lionsfélögum nær og fjær mínar bestu óskir um gleðilegt nýtt ár.

Ykkar til þjónustu.

*Douglas X. Alexander alþjóðaforseti
 Lionshreyfingarinnar
 Þýðing: Geir Hauksson*



Lionsklúbburinn Úa



Friðarveggsþjaldakeppni Lions hefur verið haldin á heimsvísu síðan 1988.

Nemendur í 7.RB og DBS í Lágafellsskóla í Mosfellsbæ tóku þátt í ár og var Lionsklúbburinn Úa þeirra tengiliður. Fallegar myndir voru gerðar og mikill metnaður lagður í þær. Vinningsmyndina, sem var send áfram frá Úum í keppnina hér innanlands, átti Anna Bryndís Andrésdóttir og fékk hún afhent sérstakt viðurkenningarskjal. Aðrir þátttakendur frá skólanum voru Sara Fanney Bjarnarson, Svana Marie Eiríksdóttir, Gísli

Marínó Sváfnisson, Tinna Líf Tómasdóttir, Victor Orri Gunnlaugsson, Ingibjörg Ólína Harðardóttir og Lilja Rún Dagbjartsdóttir (myndirnar eru í sömu röð og nöfn þátttakenda) Fengu allir þátttakendur og skólinn viðurkenningarskjal.

Hér má sjá vinningshafann ásamt Aðalheiði Ernu formanni og Önnu Maríu félagafulltrúa Lionsklúbbsins Úu.

Ljósmyndari Sigríður Skúladóttir.

Skilafrestur á efni í næsta blað er 31. mars

Verkefnin fram á vorið

Anna Blöndal

Umdæmisstjóri 109 B



Kæru lionsfélagar,
Það hefur verið lífflegt á lionsdagskránni síðustu vikurnar. Þing norrænna lionsumdæma NSR, svæðisfundir og fjöllumdæmisþing. Að „hitta“ lionsfélaga svo víða að bæði innan lands og utan hefur verið bæði skemmtilegt og fræðandi. Enda er það svo að félagslundað fólk hefur þörf fyrir samskipti og samræður við aðra.

Stór verkefni bíða okkar fram á vorið. Skipulagning fyrir rauðu fjöðrina er í fullum gangi og í byrjun apríl kemur til kasta okkar lionsfélaga að bretta upp ermar, selja pinnan og safna fyrir leiðsöguhundum í samstarfi við Blindrafélagið. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem við seljum fjöðrina til að safna fyrir þessum nauðsynlegu félögum fyrir blinda og sjónskerta. Fyrsta stóra verkefnið sem ég tók þátt í eftir að ég gerðist lionsfélagi var einmitt að selja rauðu fjöðrina og skemmti mér konunglega. Mér þykir þetta skemmtilegt verkefni og spillir ekki að málefnið er gott. Svo er líka allt í lagi að sprella svolítið í leiðinni – það skiptir máli að taka lionsstarfið á gleðinni og hafa gaman.

Fræðslumálin hafa liðið fyrir lokanir, fjöldatakmarkanir og samkomubönn. En nú lítur út fyrir betri tíð hvað það varðar og ég hvet hvern og einn lionsfélaga að kynna sér þá fræðslu sem er í boði ef eftirspurn er næg. Einnig að klúbbar taki til athugunar að hvetja félagana til að sækja leiðtogaskólann í mars, ekki sýst þá sem eru nýlega gengnir til liðs við klúbbinn og Lionshreyfinguna. Þekking er fjársjóður sem fylgir eiganda sínum hvert sem hann fer.

Kæru lionsfélagar nú glittir í að starfið okkar færast í eðlilegt horf. Njótum þessa að hittast



í samveru og samstarfi augliti til auglitis en gleymum ekki að „gleði og ánægja eru jafn nauðsynleg og matur og drykkur“ (Martin Luter).

Með lionskveðju



Lionsklúbbur Vestmannaeyja - Jólahúsið 2021



Jólahúsið 2021 í Vestmannaeyjum var valið nú í desember og í ár var það húsið Birkihlíð 4 sem var valið úr 21 tilnefningu sem jólahúsið 2021 og hlaut yfirburða kosningu.

Húsráðendur að Birkihlíð 4, eru þau Anna Rós Hallgrímsdóttir og Páll P. Hjarðar.

Sigurjón Ingi Ingólfsson frá HS veitum færði þeim hjónum áritaðan veggskjöld og peningaupphæð upp í orkureikninginn og Arnar Andersen formaður Lionsklúbbs Vestmannaeyja færði heimilisfólkinu kertaskreytingu og hamingjuóskir með valið á jólahúsi 2021.

HS veitur og Lionsklúbbur Vestmannaeyja hafa átt í samstarfi frá árinu 1999 með val á jólahúsi Vestmannaeyja og var þetta í tuttugusta og annað skiptið sem jólahús Vestmannaeyja er valið og fær alltaf mikla athygli bæjarbúa.

Þess má geta að húsmóðirin átti 40 ára afmæli einmitt þennan dag er okkur bar að garði til að tilkynna valið, og því mikil gleði á heimilinu að fá þessa afmælisgjöf líka

Óskar Pétur Friðriksson ritari L.V. og ljósmyndari

Umdæmisstjóri 109 A

(Frá ritstjóra: Vegna mistaka þá birtist þessi grein ekki í síðasta blaði þar sem hún átti að birtast og biðst ég velvirðingar á því)

Þóra Bjarney Guðmundsdóttir

Umdæmisstjóri 109 A



Kæru Lionsfélagar
Mikið var gott að byrja starfið í haust laus við covid, allir klúbbar komu með miklum eldmóði til starfa, tóku inn nýja félag, héldu vegleg fjóröflunar kvöld, þeir fóru í haustferðir sem ekki komust í vorferðir. Svæðisfundir hafa verið á flestum svæðum og vel sóttir. Markmið mitt var aðalega innviðirnir, klúbbastarfið og félagalíðan. Allir komu vel undan Covid og vonum við svo sannarlega að þetta trúfli okkur ekki mikið í starfinu í vetur.

Ég hef verið að heimsækja klúbba og er það skemmtilegi þátturinn í að vera svæðisstjóri eða umdæmisstjóri. Það er aðdáunarvert að sjá og heyra hvað klúbbar eru að gera til að efla hreyfinguna og styrkja hin ýmsu málefni og þá sem minna mega sín með þvílíkum eldmóði og krafti að maður fyllist miklu stolti að vera þátttakandi í svona starfi. Það er akkúrat fyrir þessar skemmtilegu og fræðandi heimsóknir sem ég sagði já.

Ég vil þakka þeim klúbbum sem ég hef þegar heimsótt fyrir ánægjulegar og hlýjar móttökur, ég hlakka til að hitta hina sem eftir eru, sjáumst á nýju ári.

2. október var haldin svæðisstjórafundur í Lionssalnum, mjög vel sóttur fundur og skemmtilegur þar sem var farið yfir starf svæðisstjóra. Þarna voru allir fulltrúar í umdæminu og miðluðu verkefnum, námsefni, fræðslu og félagamálin. Einnig voru kynnt LCIF verkefni, framtíðarnefnd og þingið sem verður haldið í vor í Hveragerði. Kristín Þorfinnsdóttir skrifaði ítarlega fundargerð sem var send til allra svæðisstjóra og annarra

fundarmanna ásamt glærum sem fylgdu hverju málefni.

9. október var formannafundur í Lionssalnum, þessi fundur var bæði staðarfundur og netfundur, það var mjög vel mætt í sal og 10 manns á zoom. Farið var yfir umdæmis- og klúbbastarfið, skýrsluskil, félagamál, fræðslu, verkefni, framtíðarnefnd, ásamt LCIF alþjóða hjálparsjóð, sykursýkismælingar, ungmennabúðir, rauða fjöður og NSR þing sem verður hér í janúar. Formenn sögðu frá klúbbum sínum hvað þeir væru að gera í verkefnum sínum, fjölgun féлага og ýmislegt annað skemmtilegt, virkilega áhugasamt að hlusta.

Af 50 klúbbum í 109 A eru flestir í mjög góðum málum og krafturinn og gleðin mjög

ásjáanleg, nokkrir klúbbar eru að glíma við háan aldur en eru virkilega að gera skemmtilegt fyrir sig og sína.

Fundargerð formannafundar var send á alla formenn ásamt fylgiskjöllum og ég skora á formenn að kynna/ lesa fundargerðina fyrir klúbbfélögum því þannig fylgjast félagar með hvað er að gerast í LIONS.

Par sem þetta er síðasta blað fyrir jól og starfið okkar hálfnað þá óska ég ykkur öllum kærri Lions félagar gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári, ég hlakka til endurfundanna á árinu 2022 og vona að við getum haldið ótraud áfram okkar fallega starfi.



Hugleiðing frá fjölumdæmisstjóra

Porkell Cýrusson

fjölumdæmisstjóri MD109



Það er oft talað um að skammdegið dragi úr þorku fólks til athafna og verka. Við það hefur svo bæst Covid faraldurinn, sem herjað hefur á okkur í tvö ár með miklum fórnarkostnaði. Nú sér fyrir endann á þeim faraldri og þá ber okkur að snúa vörn í sókn.

Við þurfum svo sannarlega á því að halda að sækja fram á veginn og gera hreyfinguna

okkar sterkari en nokkru sinni fyrr. Það verður ekki gert með orðum, þó þau séu til alls fyrst, heldur með gjörðum. Við gerum okkur öll grein fyrir því að okkur í hreyfingunni á Íslandi hefur fækkað og til þess að við getum lagt lið, eins og slagorð okkar hljómar, þá þurfum við fleiri félagar. Ég hvet ykkur ágætu lionsfélagar til þess að taka nú höndum saman til þess að gera hreyfinguna okkar eins sterka og öflugra og hún getur orðið.

Hvatning er flókið fyrirbæri og hvað það er sem hvetur félagsmanninn og hvað letur hann. Oft er talað um að hvatning sé tvenns konar, innri hvatning og ytri hvatning. Ytri hvatning er þegar einstaklingar fær umbun fyrir verk sín þ.e. hann fær verðlaun fyrir það að vinna ákveðin verk. Hið er innri hvatning sem snýst um það að einstaklingurinn vill sjálfur vinna vel og gera vel. Þessi hvatning er byggð á tilfinningu og hugsunum hvers og eins og gerir hann þetta af eigin áhuga til ánægju án þess að vænta umbunar. Það er ósk mín að þið ágætu félagar vinnið verk ykkar fyrir hreyfinguna af áhuga og ánægju til að hjálpa samborgurum ykkar og öðrum þeim sem eiga um sárt að binda. Það þýðir í raun að þegar

við vinnum fyrir hreyfinguna hvetjum við okkur þannig áfram til góðra verka sem sagt innri hvatning.

Vorið nálgast og margir stórir liðir í starfsemi vetrarins eru liðnir eins og NSR þingið sem haldið var í netheimum héðan frá Íslandi og tókst að mínu viti mjög vel. Ég ætla ekki að fjölyrða um það í pistli mínum því þinginu eru gerð góð skil hér í blaðinu. Næstu stóru viðburðir okkar eru Rauðu fjaðrar söfnunin sem verður nú í apríl og verður vel auglýst meðal félaga og hvers er ætlat til af þeim. Eins og ykkur er kunnugt þá fer allur ágóði hennar til kaupa á blindrahundum og er hreyfingin í samstarfi við Blindrafélagið í þessari söfnun.

Leiðtogaskólinn verður haldin 25. – 27. mars og er auglýsing um hann hér í blaðinu. Ég hvet alla sem ekki hafa sótt þennan frábæra skóla til þess að skrá sig í hann og fullyrði að þið munið ekki sjá eftir því.

Lionsþingið verður haldi í Hveragerði 6.-7. maí næst komandi og hvet ég alla til að koma þangað og verðandi embættismenn að sækja skólana sem eru í boði þar og mæta á þingin.



Missum ekki móðinn

Kristófer Tómasson

varafjölumdæmisstjóri MD109



Eigum við ekki að trúá því að nú séu í þann veginn að renna upp þeir tímar að við sjáum á bak kórónuveirunni? Skömmin sú arna hefur gert okkur lionsfólki erfitt fyrir í okkar störfum. Engu að síður get ég ekki annað en dáðst að því hvað margir klúbbar hafa blómstrað á þessum tímum veirunnar. Allmargir klúbbar hafa nýtt sér tækni til fjarfunda, hún er góðra

gjalda verð. En hún hentar ekki öllum. Raunveruleg nánd við vinina, klúbbsfélagana og að deila með þeim samveru, er að mínu mati afar dýrmætur þáttur í starfinu. Þar tala ég af eigin reynslu. Það er á engan hallað þó ég lýsi áhyggjum mínum af því að það finnist líklega allmargir klúbbar sem eiga í vök að verjast. Eins og gerist þá koma tímar í Lionsklúbbum sem einkennast af lægð. Aðstæður á borð við kórónaveiruna eru líklegar til að ýta undir lægð í félagsstarfi sem hér um ræðir. Því miður höfum við horft upp á að klúbbar hafi lognast útaf. Það er afar sorglegt. Engu að síður trúí ég að á stöðum þar sem lionsklúbbar hefur hætt starfsemi, geti verið sóknarfæri í að stofna klúbb að nýju.

Þar sem er þörf þar er Lions, hefur oft verið sagt og full innistæða fyrir því. Ég hygg að við þurfum nú á þessum tímum að leggja okkur fram um það að standa undir því að vera til staðar þar sem þörfin er og það í víðum skilningi.

Þörf fyrir lionsklúbba og þá ávexti sem af þeim hljóta verður áfram til staðar, svo mikið er víst. Ef við horfum á félagslega þáttinn, þá heyrst talsvert af einstaklingum sem hafa

einangrast á þessum tímum sem hafa geysað. Mörg dæmi er um fólk sem er á einhvern hátt laskað eftir ósköpin. Ég tel ekki nokkurn vafa á því að lionsklúbbar geti orðið að liði við að styðja við þá sem eiga erfitt vegna af þessum ástæðum.

Ef guð lofar þá mun sá er þetta ritar taka við embætti fjölumdæmisstjóra á komandi sumri. Það er tilhlökkunarefni og í senn áskorun. Í mínum huga snýst það ekki á neinn hátt um völd. Heldur um að það að fá kefli í hendur. Með því kefli fær maður umboð til að vera meira til staðar fyrir lionsfélaga í landinu. Ég mun reyna að greiða götuna í lionsstarfinu ef ég get, vera til staðar og hvetja til góðra verka. Ég þreytist seint á að minna á hvað lionsklúbbar í landinu hafa gert til heilla í íslensku samfélagi. Ég á mér þá ósk að lionshreyfingin í landinu nái góðu flugi og framundan séu spennandi tímar.

*Kristófer Tómasson varafjölumdæmisstjóri.
Félagi í Lionsklúbbum Geysi.*

Fall „Himnaríkis á Jörðu.“

Eftir Lara Lebeck

Margir líta á Ástralíu sem „Himnaríki á jörðu.“ Frá norðri til suðurs býður hið gríðarstóra land upp á fjölbreytt og stórkostlegt landslag, þar sem gróðurælir regnskógar í norðaustri breytast í glæsilega fjallgarða í suður hluta landsins. Náttúrufegurð ásamt heimsborgaralegu yfirbragði er eflaust meðal ástæðna fyrir því að 26 milljónir manna búa í „The Land Down Under“ og milljónir til ferðamanna koma þangað á hverju ári.

En í miðju þessa sjötta stærsta lands heims er eyðimörk. Eyðimörk sem árið 2019 breytti „Himnaríki á Jörðu“ í „helvíti.“

„Eina leiðin til að lýsa þessum dögum er að hlið helvítis opnaðist,“ sagði herforinginn Brendon O'Connor.

Ástrallir eru ekki óvanir skógareldum. Þurrkar og miklir vindar yfir sumarmánuðina valda aukinni eldhættu og þeir sem búa á hættusvæðunum eru alltaf í viðbragðsstöðu. Síðustu mánuði ársins 2019, sem nú eru betur þekktir sem „Svarta sumarið“, unnu Ástralalr ötullega að því að bjarga eignum sínum frá ofsafengnum eldinum. Undir lokin urðu þeir að játa sig sigraða og flýja til sjávar til að bjarga lífi sínu.

Meira en 46 milljónir hektarar lands eyðilögðust í þessum hamfara eldi, þúsundir misstu heimili sín og næstum einn milljarður dýra lést.

Ástralía mun bera ör hins „Svarta sumars“ í áratugi.

Þar sem þörfin er, þar er Lions.

Það var strax ljóst að þörfin fyrir aðstoð var mikil. Frá því í nóvember fram í janúar lá þykkt reykjarský yfir fylkjunum Nýja Suður-Wales, Viktoríu og Suður-Ástralíu. Lionsfélagar voru fljótir að mæta á staðinn og aðstoðuðu með því að elda mat fyrir viðbragðsaðilana sem fyrstir mættu til að berjast við elda og huga að þeim særðu. Lionsmenn söfnuðu einnig og dreifðu matvælum og öðrum neyðarbúnaði. Þeir stóðu einnig að fjáröflunum fyrir fórnarlömb eldsvoðanna.

Til að auka enn getu sína til að veita aðstoð leituðu þeir eftir stuðningi frá alþjóða hjálparsjóði Lions, Lions Clubs International Foundation (LCIF). 103.000 dollara hamfarastyrkur frá LCIF gerði þeim kleift að koma vatnsveitum í lag í umdæmi 202-N1, þar sem stór hluti íbúanna notar ofanjarðartanka til að geyma drykkjarvatnið sitt.

„Þegar eldarnir ruddust áfram eyðilagi hitinn frá þeim tankana og

skildu íbúana eftir án nothæfs drykkjarvatns,“ útskýrði slökkviliðsmaður á staðnum. Með LCIF-styrknum útveguðu lionsmenn og settu upp nýja vatnstanka, sem gáfu fjölskyldum aðgang að hreinu og lífsnauðsynlegu drykkjarvatni.

Að auki veitti LCIF meira en 200.000 dollara í stórslysa styrk til að styðja við neyðaraðstoð og hefja uppbyggingarferlið á þeim svæðum sem verst urðu úti í Ástralíu.

Að veita von

Í kjölfar eldanna heimsóttu þáverandi formaður LCIF, fyrrverandi alþjóðaforseti Guðrún Yngvadóttir og fyrrverandi alþjóðaforseti Barry Palmer frá Ástralíu, Balmoral, eitt af þeim svæðum sem urðu hvað verst úti. Þau skoðuð aðstæður og funduðu íbúum sem stóðu frammi fyrir þeim erfiðu verkefnum að endurbyggja heimili sín, lífsviðurværi sitt, líf sitt.

Uppbygging meðan á heimsfaraldri stendur

Heimsfaraldur kórónuveirunnar olli verulegum áskorunum við uppbygginguna í Ástralíu. Yfirvöld neyddust til að einbeita sér að bráðri þörf vegna falaldursins og láta mörg svæði sem urðu mjög illa úti í náttúruhamförunum sitja á hakanum. Mjög margir eru enn að berjast fjárhagslegar og tilfinningalegar afleiðingar hamfaranna.

En vonin er til staðar. Lionsfélagar voru meðal þeirra fyrstu til að aðstoða þá sem urðu verst úti í hinu „Svarta sumri,“ og margir lionsfélagar og klúbbar eru þar enn.

Með nýjum tækifærum og styrkjamöguleikum eins og „endurgreiðslum“ (District and Club Community Impact grants) frá LCIF eiga klúbbar enn auðveldara með að veita hjálp og endurreisa „Himnaríki á Jörðu.“

Nánari upplýsingar um „endurgreiðslur“ má finna í Lionsblaðinu frá í mars 2021, blað númer 325. LCIF teymið á Íslandi er líka alltaf til í að veita upplýsingar.

Þýðing: Kristinn Hannesson



NSR – samnorrænt verkefni

Árni V. Friðriksson

PCC MD 109 & IRC



Á nýloknu NSR þingi var kosið milli þriggja tillagna að NSR verkefni fyrir árin 2023 – 2025. Tillaga lögð fram af Noregi hlaut brautargengi.

Verkefnið er á svæði í norðvestur Úganda sem kallast Arúba og er byggt í kringum Ayiribu grunnskólann. Lagt er til að þetta svæði verði upphafspunktur fyrir víðtækari byggðapróunaráætlun sem er heildarmarkmið verkefnisins. Hagvöxtur og þróun í Úganda byggir mjög á landbúnaði. Aðstoð til að efla landbúnað snertir fjölda fólks og hefur mikil áhrif lífsafkomu þess.

Lions í Noregi hefur verið til staðar á svæðinu um árabil og hefur ítarlega þekkingu á staðnum. Þeir eru einnig í góðu sambandi við fulltrúa sveitarfélagsins.

Verkefnið snýr að innleiðingu nútímalegri búskapartækni og að kenna bændum nýja möguleika í búskaparháttum með það að markmiði að færa landbúnað yfir í arðbæran og sjálfbæran búskap í atvinnuskyni sem og að auka atvinnu á svæðinu. Kostnaðaráætlun er uppá rúmar 14 mkr. (\$ 114.000,-) sem deilast á tvö ár.


Núverandi NSR verkefni (2021 – 2023) sem hófst í sumar sem leið varðar sjúkrahúsið í þorpinu Heri í Kigoma í Tanzaníu en það hefur verið starfrækt sem sjúkrahús frá árinu 1953. Það þjónar svæði með rúmlega 2.1 milljón manns. Við sjúkrahúsið hefur aldrei verið barnadeild og það eru engar barnadeildir á neinum ríkisspítölum á stærra svæði. Börn eru lögð inn og meðhöndluð á hluta kvendæildarinnar og fullorðnir sjúklingar hafa greiðan aðgang að börnunum sem skapar óöryggi fyrir börnin. Það er því brýn þörf fyrir byggingu barnadeildar og þar verður einnig aðstaða fyrir skurðlækna. Kostnaðaráætlun er uppá rúmar 22 mkr. (€ 155.411,-) og er okkar hlutur rúm 4% af þeirri upphæð sem deilast á tvö ár.



Lionsklúbbur Nesþinga gefur út 50 ára afmælisblað

Í desember síðastliðnum kom út 50 ára afmælisblað Lionsklúbbs Nesþinga. Hægt er að finna blaðið á issuu.com með leitarorðinu „Lionsklúbbur Nesþinga“. Á issuu.com er einnig hægt að finna 25 ára afmælisblað félagsins sem gefið var út árið 1996. Rauði þráðurinn í þessum ritum er varðveiting söguarfsins í Neshreppi utan Ennis og yfirlit yfir starfið í máli og myndum. Eins er að finna skemmtilegar og fróðlegar greinar. Við vonum að lesendur hafi gagn og gaman af.

F.h. ritnefndar
Ari Bent Ómarsson



Aðeins ein jörð – bara eitt líf!

Jóhanna Thorsteinson

Umhverfisstjóri MD 109



Á síðustu áratugum hefur mikil vitundarvakning átt sér stað í umhverfismálum. Við tölum um hnattræna hlýnun, gróðurhúsaáhrif í veðurfari, sífellt hraðari bráðnun jökla heimsins, eyðingu skóga og þannig mætti áfram telja upp. Alþjóðlega Lionshreyfingin hefur um langt árabíl saðið fyrir umhverfisvernd um allan heim.

Víst er um það að ekki snjóar hérlendis á láglendi líkt og var fyrir 50 árum. Það er mjög sjaldgæft að í dag þurfi að moka sig út úr húsi að vetrarlagi, eða hægt sé að renna á sleða niður húspök vegna sjónþyngsla.

Í vísindalegu tilliti þá er jörðin okkar stödd á hlýskeyði ísaldar. Og ósköp vitum við lítið um orsakavalda breytts veðurfars, utan hvað iðnbyltingin og aukin brennsla jarðeldsneyta orsaka gróðurhúsaáhrifin í andrúmsloftinu, (koltvíoxíð CO₂) sem bæta enn í mengunina. Sumir benda á að virkni sólarinnar hafi mikil áhrif á veðurfar jarðarinnar. En það hefur ekki verið mikið rannsakað enn.

En hér eru nokkrar hugmyndir fyrir áhugasama umhverfissinnaða klúbba að skoða:

- **Trjárækt.** Hafið samband við skipulagsnefnd sveitarfélagsins þíns eða umhverfisnefndina og fáið úthlutað lundi til trjáræktar. Athugið að það er ekki sama hvaða trjategundum er plantað, sumar tegundir eiga betur við en aðrar.
- **Hreinsunardagur.** Helgið einum degi í mánuði í fjóruhreinsun, hreinsun göngustíga eða eitthvert tiltekið svæði í sveitarfélaginu.
- **Ljósmynda- eða myndlistarkeppni í grunnskólanum.** Fáíð kennara í grunnskólanum til að tengja umhverfisverkefni við Lionsklúbbinn. Verðlaunið vinningshafann með fallegu tré sem þið í sameiningu setjið niður með vinningshafanum.

- Skoraðu á klúbbfélagana til að taka upp einhverja eina eða fleiri **grænar venjur** í daglegu lífi, t.d. með því að
 - o nota endurnýjanlegar vatnsflöskur og kaffimál
 - o skipta út ljósaperum í orkusparandi perur
 - o takmarka tímunnir undir sturtunni
 - o Þróa **skjal fyrir græna lifnaðarhætti** þannig að hægt sé að dreifa rafrænt með ábendingum um ábyrga umgengni við umhverfið
 - o **Heiðra stofnun í samfélaginu** fyrir framlag sitt til umhverfishvetjandi umræðu eða fyrir eitthvert tiltekið verkefni
 - o Leggja sveitarfélaginu lið við að gera göngustíga eða viðhalda þeim.
 - o **Safna notuðum farsímum** og gefið þá til fátækra einstaklinga eða hjálpar-samtaka

Fleiri hugmyndir að umhverfisverkefnum

- Leiðið **náttúruskoðunarferð** með ungum nemendum. Hvetjið þá til að skoða og rannsaka umhverfið og spyrja spurninga. Fáðu þá svo til að teikna mynd um reynslu sína.
- Bjóðið fólki að koma og horfa saman á kvikmynd um umhverfisvernd
- Starfið með sveitarfélaginu við að búa til og setja upp skilti „**Ekkert rusl hér**“ meðfram frárennissvæðum við vegi
- Tilgreinið hvar eigi að farga spilliefnum og eiturefnum og mögulega deila/auglýsa áætlun um söfnunarherferðir til förgunar þessara efna.
- Skipuleggið **Veggmýndasamkeppni** um umhverfistengd viðfangsefni. Komið vinn-ingstillöggunni í framkvæmd, í samvinnu við sveitarfélagið þar sem veggmýndin bæði feugar umhverfið og eykur vitund fólks um umhverfismálin.
- Komið upp **endurnýtingardegi** þar sem fólk getur gefið notaða hluti og bjóðið öðrum að koma og nýta sér þá. Þetta má líka gera í samvinnu við fjölmörg hjálpar-samtök.
- Skipuleggið fund með nemendum í grunnskólanum þar sem fræðsla um endurnýtingu og takmörkun einnota efniviðar er rædd. Fræðið þau um endurvinnslu í sveitarfélaginu og hvaða reglur gilda á hverjum stað.

Hugmyndir að stærri umhverfisverkefnum

- Þróið sýningargarð eða landmótunarlóð með innlendum plöntutegundum til

endurheimta staðbundið náttúrulegt umhverfi og gæta um leið að vatnsvernd.

- Búið til eða styðjið verkefni fyrir smábændur sem fræðir og æfir þá í notkun **lífræns áburðar og lífrænna skordýravarna**.
- Búið til útvarpsþátt. Haldið úti mánaðarlegum fræðsluþætti þar sem fjallað er um það sem hæst ber hverju sinni í umhverfismálunum. Takið viðtöl við áhugasama umhverfissinna eða ráðamenn í sveitarfélaginu. Auglýsið um leið umhverfisverkefni Lions klúbbsins í bænum.
- Standið fyrir fundi með **almennum skoðanaskiptum** um umhverfismálin. Deilið niðurstöðunni með yfirvöldunum.
- Kennið fólki að **safna regnvatni** í tunnur. Tunnuvatnið gæti verið viðbót við aðra vökvun og áveitu
- Skipuleggið öðruvísi samgöngur, hvetjið til gönguferða, hjólríða, notkunar almanna-samgangna og samnýtið bílinn!
- Þróið **skólagarð** í samstarfi við grunnskólann í bænum. Kennið nemendum um jarðvegsgerð og moltu. Fræðið þá um matarsóun hollustuhætti með heima/ eða skólaræktuðu grænmeti.

Eins og sjá má af ofangreindu þá geta klúbbar tekið upp fjölmörg ný verkefni í umhverfisvernd og vitundaraukningar í umhverfismálunum. Af nógu er að taka. Þessi verkefnabanki sem hér er sagt frá er tekinn af vefsíðu Lions International og eru sumar hugmyndirnar okkur framandi. En að sjálfsgöðu getur hvaða klúbbur sem er tekið einhverja þessara hugmynda að verkefni upp á sína arma, breytt því og aðlagð að sínum aðstæðum í eigin umhverfi.

Ekkert af þessu er nýtt af nálinni, þessi verkefni hafa flest öll verið í framkvæmd einhvers staðar í heiminum. Svo er um að gera að láta vita af þeim verkefnum sem þegar eru í gangi svo aðrir klúbbar geti tekið þau upp og nýtt sér þekkingu annarra klúbba.



NSR2022- þing norrænu Lionshreyfinganna

Halldór Kristjánsson

formaður þingnefndar NSR2022



Nýlega lauk NSR þingi sem til stóð að halda í Reykjavík sem staðarþing. Vegna yfirvofandi samkomutakmarkana var ákveðið í nóvember 2021 að breyta því í netþing á Zoom. Þegar að þinginu kom, 22. og 23. janúar, voru í gildi samkomutakmarkanir sem aðeins heimiluðu 10 manns að koma saman til fundar. Væntingar fyrir staðarþingið höfðu verið 50-90 þátttakendur en á netþingið voru hins vegar skráðir 204 þátttakendur frá 9 löndum. Auk Lionsfélaga frá Norðurlöndunum voru þátttakendur frá Filippseyjum, Kýpur, Norður Makedóníu og Sviss. Mest voru 162 þátttakendur inni samtímis. Það er ljóst að ef ekki hefði verið ákveðið í nóvember 2021 að breyta þinginu í netþing þá hefði orðið að fresta því um ótiltekinn tíma.

Hvað er NSR þing?

En hvað er NSR þing? Norrænu þjóðirnar hafa um langt skeið átt ýmiss konar samstarf t.d. um alþjóðaverkefni og þátttöku í alþjóðaþingum. NSR er skammstöfun fyrir Nordisk Samarbets Råd. Aðilar að samstarfsráðinu eru fjölumdæmi Norðurlandanna fimm og Baltnesku þjóðunum er boðið að taka þátt með ýmsum hætti. Samstarfið hófst árið 1962 og hefur þróast í takti við tímann. Fjölumdæmisstjórn Norðurlandanna fimm skipa stjórn ráðsins, en vinnunefnd AU (OC á ensku) sér um undirbúning mála og framkvæmd. Löndin fimm skiptast á að skipa formann stjórnar NSR og á þessu starfsári var það Þorkell Cýrusson, fjölumdæmisstjóri, sem var formaður fyrir Íslands hönd. Það féll því í hlut Íslands að halda þingið á formannsári hans.

Undirbúningsnefnd þingsins

Halldór Kristjánsson var skipaður formaður

undirbúningsnefndar þingsins í ágúst 2020 af þáverandi fjölumdæmisstjóra, Birni Guðmundssyni. Leitað var til Bjargar Báru Halldórsdóttur, PCC, Jóns Pálmasonar, PCC og Ólafs Vilhjálmssonar um þátttöku í nefndinni. Undirbúningur hófst þá þegar með því að leita tilboða í stað fyrir þingið og kannað með möguleika á makaferðum. Jafnframt hófst undirbúningur dagskrár.

Staðarval

Niðurstaðan varð sú að Grand Hótel var valið fyrir þingið og gistingu gesta og miðaðist allur undirbúningur við það fram eftir ári 2021. Um mitt ár 2021 bættust Björn Guðmundsson, PCC, Geirþrúður Fanney Bogadóttir, PDG, Hrund Hjaltadóttir, PCC og Þór Steinarsson, PCC, í nefndina auk þess sem Þorkell Cýrusson, CC, sat alla fundi nefndarinnar.

Netþing niðurstaðan

Á síðari hluta árs 2021, var ákveðið að breyta þinginu í netþing eins og áður sagði og hófst þá endurskipulagning atburðarins. Í stað margra samhliða námskeiða og vinnustofa, auk þingstarfa, sem ætlunin var að halda, var

ákveðið að hafa aðeins eina útsendingarrás og skipuleggja NSR 2022 eins og um eina heilsteypta ráðstefnu væri að ræða. Í stuttu máli má segja að það hafi tekist vonum framar og mikil ánægja með þetta af hálfu þeirra sem tóku þátt.

Þingdagskráin

Þorkell Cýrusson, CC, setti þingið og Guðrún Björt Yngvadóttir, PIP, hélt erindi við setninguna að lokinni fánaathöfn. Dagskráin var fjölbreytt og var þema þingsins „How can we better serve“. Fengnir voru innlendir og erlendir fyrirlesarar til að fjalla um þemað frá mörgum hliðum.

Innlendir fyrirlesarar voru Halldór Þorgeirsson, formaður loftslagsráðs og Þróstur Eysteinnsson, skógræktarstjóri sem fjölluðu um loftslagsmál og áhrif skógræktar á loftslag, Kristinn Hannesson, LCIF stjórn, stýrði erindi um árangur alþjóðahjálparsjóðsins LCIF, Ólafur Már Björnsson, augnlæknir og Þór Steinarsson, PCC, fjölluðu um fjarlækningaverkefni Lionsklúbbsins í Vestmannaeyjum og Halldór Kristjánsson, GLT, ræddi tækifæri og áskoranir Lions í sýndarheimi.

NSR 2022 Virtual Meeting



Saturday January 22nd - Agenda

Start	Finish	Nord	Finl	Event
09:00	09:30	10:00	11:00	Opening Ceremony
09:30	12:00	10:30	11:30	GMA Seminar and Group Discussions – Membership <i>What is GMA? – Hilde Straumsheim</i> <i>A pilot project experience – Jan Dörnemyr GMA project leader</i> <i>Group Discussions about GMA – 5 to 6 groups</i> <i>Reports from the Group Discussions</i> <i>Wrapping up</i>
12:00	12:45	13:00	14:00	Break
12:45	15:00	13:45	14:45	NSR Council Meeting – Discussion 1

Sunday January 23rd – Agenda

Start	Finish	Nord	Finl	Event
09:00	09:50	10:00	11:00	LCI/ID Report
09:50	10:20	10:50	11:50	Keynote speaker on climate change and human rights
Seminars and workshops				
10:20	11:00	11:20	12:20	Iceland forestry and Climate change
11:00	11:30	12:00	13:00	Break
11:30	12:30	12:30	13:30	LCIF for success
12:30	13:15	13:30	14:30	Lionism in a virtual world - opportunities and challenges
13:15	14:00	14:15	15:15	Clean Rivers Björn Zarbell
14:00	14:45	15:00	16:00	Remote Eye Clinic in the Westman islands
14:45	15:15	15:45	16:45	How can we (better) serve, Panel discussion
15:30	16:00	16:30	17:30	NSR Council Meeting – Decisions (Voting)
16:00	16:10	17:00	18:00	Closing Ceremony
16:10		17:10	18:10	End of NSR 2022

Erlendir fyrirlesarar voru Hilde Straumsheim (N) og Jan Dårnemyr (S) sem fjölluðu í ítarlegu máli um félagamál og nýtt átak í félagamálum, GMA, sem hefst 1. júlí næstkomandi. Antti Forsell (F) fjallaði um notkun upplýsingatækni í Lions, Björn ZARBELL (N) hélt áhrifaríkt erindi um sóðaskap í ám og leiðir til að hreinsa þær og í lok dagskrár voru pallborðsumræður um þema þingsins. Þátttakendur í pallborðinu voru Bent Jespersen (D), Björg Bára Halldórsdóttir (Í), Finn Bangsgård (S), Lill Alver (N), Sanna Mustonen (F) og Tapani Rahko (F). Var samtal þeirra gagnlegt og áhugavert.

Framkvæmdin

Við þingið var stuðst við margs konar hugbúnað sem auðveldaði utanumhald og eftirfylgni. Búið var til skráningarform á netinu í Microsoft

Forms. Allar skráningar fóru þá sjálfkrafa inn í Excel skjal sem notað var við allt utanumhald og samskipti við þátttakendur. Með aðstoð samþættingar Word, Excel og Outlook voru sendir persónubundnir póstar á alla þátttakendur og sparaði þetta fyrirkomulag gríðarlega vinnu við utanumhald þátttakenda. Í stjórnstöð þingsins á Grensásvegi voru auk mín, Þorkell Cýrusson, Þór Steinarsson og Jón Pálmason.


Atkvæðagreiðslur

Á svona þingum hafa tilteknir fulltrúar landanna atkvæðisrétt og atkvæði þarf að greiða með öruggum hætti. Tryggja þarf að þeir einir sem hafa atkvæðisrétt geti greitt atkvæði og að kosning sé leynileg. Valið var samstarf

við Íslenska fyrirtækið Outcome Surveys sem býður öruggar kosningar á netinu, m.a. fyrir aðalfundi fyrirtækja og ráðstefnur af þessu tagi. Tókst það mjög vel og engir hnökur komu upp við kosningarar.

Vel tókst til

Það er mat okkar sem störfuðum að undirbúningi þingsins, og mjög margra þátttakenda, að mjög vel hafi tekist til með þetta form á þingi og að innihaldið hafi verið bæði áhugavert og gagnlegt. Ég þakka undirbúningsnefndinni, þátttakendum og öllum öðrum sem komu að undirbúningi og framkvæmd kærlega fyrir samstarfið.



NSR2022- aðalfundur NSR – Council Meeting

Jón Pálmason






Eins og á Lionsþingi þá er aðalfundur NSR tilsvareandi og fjölumdæmisþing. Þar eru hefðbundin aðalfundarstörf og ákveðið fjármagn sem á að nota á komandi ári. Að þessu sinni var farin óhefðbundin leið sem fólst í að samþykkja tvær fjárhagsáætlanir, önnur sem gildir ef næsta alþjóðþing verður á netinu, þá lækka umtalsvert kostnaðarliðir sem tengjast þinginu. Hin útgáfan miðar við að alþjóðþingið verði hefðbundið staðarþing.

Á fundinum var einnig farið yfir þau atriði sem varða þátttöku NSR þjóðanna á alþjóðþingi sem verður næst í Montreal í Kanada. Eftirfarandi eru helstu sameiginlegir atburðir alþjóðþingsins: „Get Together“ samkoma þar sem fulltrúar landanna koma og skemmta sér og hver öðrum. „Scandinavian Hospitality“ samkoma þar sem NSR löndin bjóða gestum í heimsókn, skróðgangan sem NSR löndin ganga saman í og fyrsti fundur fjölumdæmisstjóra NSR landana á nýju starfsári.

Verkefni á vegum alþjóðasamskiptastjóra (IR)

Auk þess var farið yfir þau verkefni sem eru í gangi á vegum NSR. Fyrst ber að nefna svokölluð IR verkefni, en þau eru unnin á vegum alþjóðasamskiptnefnda landanna. Fulltrúi okkar er Árni Viðar Friðriksson, alþjóðasamskiptastjóri og fyrrverandi fjölumdæmisstjóri. Hann er formaður nefndarinnar þetta ár. Núverandi verkefni, sem er bygging barnaspítala í Tansaníu, er í gangi er unnið á vegum Lions í Danmörku, það. Árni fjallar um þetta verkefni í grein hér í blaðinu.

Síðan eru tvö verkefni sem voru verkefni NSR á undan barnaspítalaverkefninu, það er *Stuðningur við gleymdu börnin í Líbanon* sem var á vegum Lions í Noregi og *Stuðningur við gleymdu börnin í Tyrklandi* sem var á vegum Lions í Svíþjóð. Samkvæmt reglum á að gefa



skýrslu um þau í þrjú ár, þar sem á að koma fram hvernig hafi gengið. Noregsverkefnið er í fullum gangi en Sænska verkefnið hefur legið niðri vegna þess að fulltrúar Lions í Svíþjóð hafa ekki komist til Tyrklands vegna COVID.

Annað hvert ár er valið nýtt verkefni og að þessu sinni voru þrjú verkefni tilnefnd:

- Frá Svíþjóð: Byggja upp framtíð fyrir börn sem hafa orðið fyrir kynferðislegri áreitni í suður Kiwu, DR Kongó
 - Frá Noregi: Próa sjálfbæran landbúnað í norðvestur Úganda
 - Frá Finnlandi: Sólaeldavélar fyrir Afríku
- Kosið var um þessar tillögur á þinginu og var tillaga Norðmanna valin. Sjá nánar um þetta verkefni í grein Árna Viðars annars staðar í blaðinu.

Önnur samstarfsverkefni á vegum NSR

Þess utan eru allnokkur verkefni sem NSR hefur með höndum og eru flest í höndum

sérstakra nefnda, sem í sitja einn frá hverju landi og formaður frá landinu þar sem NSR er haldið það starfsárið. Þessi verkefni eru:

- **Orkester Norden**, er þekkt verkefni þar sem ungu tónlistarfólki er safnað saman til að spila í símfónihljómsveit. Verkefnið er að meginhluta fjármagnað af Norrænu ráðherranefndinni. Lions hefur komið að því að veita ferðastyrk til tónlistarfólksins. Þetta verkefni hefur farið á milli landa og 2025 á þetta verkefni að koma til Íslands.
- **Vefnefnd**. Í gangi er verkefni við að setja upp vef fyrir NSR þar sem hægt er að safna saman upplýsingum um starfið. Sigurður Steingrímsson varaumdæmisstjóri fer fyrir þessari nefnd í ár.
- **Ný sýn á framtíð NSR**. Á síðast ári kom tillaga frá nokkrum fyrrverandi alþjóðastjórnarmönnum um að við þyrftum að skoða hvernig við gerum NSR eins

spennandi og það var í gamla daga. AU (OC) hópurinn, sem er framkvæmdanefnd NSR hefur haft umsjón með þessari vinnu og hóf verkið með því að senda út spurningalista til hóps Lionsfélaga sem þekkja til starfsins í NSR. Rauða línan í niðurstöðum þessarar könnunar var að hinn almenni Lionsfélagi þekkti ekki til starfa NSR. AU hópurinn mun halda áfram að vinna að þessu verkefni og er stefnt að því að skila tillögum á næsta NSR þingi. Formaður AU hópsins þetta ár er Jón Pálmason fyrrverandi fjölumdæmisstjóri.

- **Sykursýkisbúðir 2022** í Finnlandi. Finnland er að undirbúa fyrstu NSR sykursýkisbúðir sem haldnar hafa verið í langan tíma. Svíar voru með svona búðir fyrir allmörgum árum. Búðirnar eru fyrir sykursjúk ungmenni, á aldrinum 17-19 ára. Ætlunin er að þarna geti komið allt að tvö sykursjúk ungmenni, frá hverju Norðurlandanna og auk þess verður boðið 10 einstaklingum frá öðrum löndum. Alls 20 ungmenni.
- **Norræn GAT teymi.** Í haust var ákveðið að félagastjórar, GMT, leiðtogastjórar, GLT, og verkefnastjórar, GST, í fjölumdæmunum myndu vinna saman að samræmingu starfsins og miðlun upplýsinga sín á milli. Til dæmis ef koma inn á borð fjölumdæmisstjórnanna málefni sem varða málaflokka



Our NEW Lions brand is:
Lions International – Serving a World in Need

At the Lions International Convention in Milan, Italy 2019, Lions from around the world voted to amend the Constitution & Bylaws to include Africa as our newest constitutional area (CA8). Welcome, Africa, into the Lions family!



European Lions have served in Africa for many years. Since the Euro Africa Committee was established, we cooperate with the Lions Clubs in Africa.



þessara embættismanna skulu þau send til teymanna til umsagnar. Starf þeirra er að hefjast og eru bundnar vonir við að samstarf þeirra muni styrkja starf hreyfingarinnar.

- **Reiðhjólaátak.** Fyrir nokkrum árum var

farið af stað með verkefni þar sem hjóla skyldi í öllum NSR löndunum og endað á Evrópuþingi, þar sem það yrði haldið. Erfitt reyndist að manna verkefið og ákváðu fjölumdæmisstjórnarnir að hætt yrði við það.

Góugleði Lions á Íslandi



Góugleði Lions á Íslandi verður haldin þriðjudaginn 8. mars kl. 19.30 á ZOOM

Allir Lionsfélagar, makar og aðrir gestir velkomnir.

Endilega hópið ykkur saman og njótið félagsskaparins fyrir framan tölvuna.

Skráning er nauðsynleg til að taka þátt í happdrættinu og sendist á netfangið:

gmtmd109@gmail.com

Opnað verður fyrir ZOOM kl. 19:00

Samstarf Lions um skógrækt og landgræðslu

Söfnun birkifræja

Jóhanna Thorsteinson

Umhverfisstjóri MD 109



Átak í söfnun og sáningu á birkifræi hófst formlega haustið 2020 á Degi íslenskrar náttúru. Þann dag hófu forseti Íslands og umhverfisráðherra

frætinsluna á Bessastöðum að viðstöddum þeim aðilum sem stóðu að undirbúningi og framkvæmd söfnunarinnar. Með því var efnt til þjóðaráttaks til að auka útbreiðslu birkis og er það í samræmi við stefnumörkun stjórnvalda á þessu sviði og Sameinuðu þjóðanna um endurheimt vistkerfa, en nú stendur einmitt yfir áratugur endurheimtar vistkerfa og er það ákall um verndun og endurheimt vistkerfa um heim allan í þágu fólks og náttúru.

Biðlað var til þjóðarinnar að safna fræi og skila því inn á söfnunarstaði verkefnisins eða sá því á valinn stað þar sem eru skilyrði fyrir birkifræ að spíra.

Við í Lionshreyfingunni ákváðum að leggja landsátakinu lið. Byggja upp samstarf og samskipti við verkefnið og óska eftir stuðningi lionsmanna (konur eru líka menn) sem og aðra til að breiða út birkiskóga landsins á ný.

Veðurfar skiptir máli


Átakið fór mjög vel af stað og alls söfnuðust um 275 kg af fræi haustið 2020. Mest safnaðist þá á Suður- og Vesturlandi en þar var með eindæmum gott fræár en frekar lélegt á Norður- og Austurlandi. Þetta snérist við árið síðar en 2021 var þokkalegt fræár á Norður- og Austurlandi en mjög lélegt fyrir sunnan og vestan. Mun minna safnaðist síðastliðið haust en árið áður og án efa er ástæða þess hversu lítið var um fræ á Suður- og Vesturlandi. Slíkar sveiflur í fræframleiðslu birkis, sem og annarra trjátegunda, eru vel þekktar.

Verkefnið lofar góðu og hafa Skógræktin og Landgræðslan sem eru upphafsáðilar verkefnisins ákveðið að hafa það í sessi til frambúðar, enda tengist það mikilvægum áherslum stjórnvalda, Lionshreyfingarinnar á Ísland og alþjóðasamfélagsins um endurheimt náttúruskóga.

Félagar í Lionshreyfingunni hafa safnað miklu magni af fræi síðastliðin tvö ár. Það væri áhugavert að geta fest betur hönd á framlag okkar lionsmanna í baráttunni til verndar jarðveginum og gegn neikvæðum loftlagsbreytingum en það verður aðeins gert með betri skráningum. Jafnframt gefur það hreyfingunni möguleika á að fylgjast með árangri sinna félagsmanna á landsvísu og skipuleggja betur sitt starf við söfnun og sáningu birkis.

Gagnagrunnur og skráning

Þessa dagana er verið að undirbúa gerð gáttar þar sem við og allir aðrir geta skráð inn í einfalt viðmót upplýsingar um t.d. magn þess fræs sem safnast, gefið upplýsingar hvar tínt er og hvar sáð eða hvert fræinu var



skilað ef því var skilað inn til söfnunarstöðvar. Eins verður hægt að tengja sig við eitthvert félag eða félagsamtök eins og Lionshreyfinguna og þá verður hægt að sjá framlag okkar í heild sinni. Þannig mun safnast saman skemmtilegt yfirlit um verkefnið og til lengri tíma lítið afar verðmætar og mikilvægar upplýsingar um átakið í heild sinni. Þessar upplýsingar verði síðan færðar inn á kort sem sýni hvar hreyfingin hefur verið að sá birkifræi.

Um leið og skráningarkerfið er tilbúið til notkunar verður sendur póstur á alla félagsmenn Lions og þeir beðnir um að rifja upp þátttöku sína við söfnun og dreifingu árin 2020 og 2021 eins og kostur er og setja upplýsingar inn í skráningarblaðið. Þetta verður jafnframt liður í að finna misbresti í hönnun ef einhverjir eru og færa það til betri vegar.

Lionsklúbburinn Björk



Lionsklúbburinn Björk á Sauðárkróki hittist Lítíð sem ekkert síðasta vetur en hefur náð að hittast þrisvar sinnum það sem af er þessum vetri. Fyrsti fundurinn var haldinn á Gránu og var þar farið yfir fjármál og fleiri hagnýt atriði. Snæddur var góður matur og áttum við notalega stund saman. Á öðrum fundinum vorum við svo heppnar að njóta félagsskapar Önnu Blöndal umdæmisstjóra og fjallaði hún um ýmis gagnleg málefni. Hún benti á mikilvægi Alþjóða hjálparsjóðsins og hvatti okkur til að nýta heimasíðu samtakanna. Einnig sagði hún frá markmiðum sínum og ýmsum verkefnum sem eru í gangi í hreyfingunni. Anna heiðraði 3 konur fyrir 15 ára starf í þágu Lions en það eru Andrea Björnsdóttir, Stefanía Ó. Stefánsdóttir og Svava Svavarsdóttir. Margrét Guðmundsdóttir fékk sérstaka viðurkenningu fyrir góð störf sem svæðisstjóri við erfiðar aðstæður veturinn 2020

- 2021. Það var mjög áhugavert og hvetjandi að fá Önnu í heimsókn og þökkum við henni fyrir.

Þar sem þessi fundur var haldinn í október var að sjálfsögðu bleikt þema og sáu Brynja Ingimundardóttir og Kristín Sveinsdóttir um að skreyta salinn með fallegum bleikum skreytingum og fékk hver kona fallega náttúrusápu sem seld er til styrktar krabb.is. Brynja og Kristín fóru síðan með ýmis gamanmál við góðar undirtektir.

Sigurbjörg Guðjónsdóttir og Anna Gísladóttir fóru í 2. bekk í Árskóla í október og afhentu litabækur um brunavarnir í heimahúsum. Með þeim var Sigurður Bjarni Rafnsson frá Brunavörnum Skagafjarðar en þetta verkefni hefur verið í gangi í mörg ár.

Því miður þurfti að aflýsa næsta fundi en í byrjun desember var haldinn makalaus jólafundur. Í stað þakkaskipta gekk baukur og

settu konur frjáls framlög í hann. Verður ágóðanum veitt í verðugt málefni. Maturinn var einstaklega góður og eftir hann stigu Svavar Knútur og Aldís Fjóra á stökk og skemmtu okkur við góðar undirtektir. Fyrir jólin hefur klúbburinn styrkt eina eða fleiri fjölskyldur í samráði við sóknarprestinn og nú var ákveðið að 120.000 krónur færu til barnmargrar fjölskyldu sem átti um sárt að binda. Íbúar á Dvalarheimili heilbrigðisstofnunnar Norðurlands á Sauðárkróki fengu einnig glaðning því keypt var streymi á jólatónleika Björgvins á allar 6 setustofurnar. Auk þess fengu allir sem vildu sherry og Nóakonfekt. Með því lauk árinu og við höldum keikar inn í 2022.



Lionsklúbbur Seltjarnarness





Við í Lionsklúbbi Seltjarnarness höldum fund á bæjarstjórastofu Seltjarnarness eins og við höfum gert einu sinni á ári undanfarinn ár með bæjarstjóranum, Ásgerði Halldórsdóttir. Nú er hún að kveðja og gefur ekki kost á sér fyrir næsta kjörtímabil. Við í klúbbnum færðum henni blóm og þökkudum henni fyrir gott samstarf við bæinn undanfarinn

ár. Það er Anton Sigurðsson starfandi formaður sem afhendir Ásgerði blóminn og þakkir frá okkur í klúbbnum



*Kveðja
Jón Páll Ásgeirsson
Lionsklúbb Seltjarnanes*

Febrúar – myndasíða





Friðarveggspjaldasamkeppni Lions 2021-2022



Haustið 2020 ákváðu vara- umdæmisstjórnarnir þær: Þóra Bjarney Guðmundsdóttir 109 A og Anna Fr. Blöndal 109 B að tími væri kominn til að Lions á Íslandi tæki aftur þátt í Alþjóðlegri friðarveggspjaldasamkeppni LCIF starfsárið 2021-2022.

Vara umdæmisstjórnarnir fengu svo Hrund Hjaltadóttir. Lkl Fold með sér til að undirbúa verkefnið og síðan bættist Jórunn Guðmundsdóttir Lkl. Yr í vinnuhópinn. Eftir 1. Júlí var verkefnið í höndum Hrundar og Jórunnar.

Upplýsingar um verkefnið

Friðarveggspjaldakeppnin var fyrst haldin á alþjóðavísu 1988 og markmiðið að gefa grunnskólanemendum tækifæri til að koma á framfæri hugmyndum sínum varðandi heimsfrið á skapandi hátt og miðla framtíðarsýn sinni til umheimsins. Um það bil 600.000 börn frá 75 löndum taka þátt í keppninni árlega.

Lions á Íslandi styrkir keppnina og er hún opin grunnskóla börnum á aldrinum 11 - 13 ára.

Á hverju ári er valið þema keppinnar til að vekja ímyndunarafl nemendanna. Tjáning, listrænt gildi og frumleiki eru þau þrjú viðmið sem notuð eru til að meta veggspjöldin á öllum dómstigum.

Þema fyrir árið 2021-2022 var „We Are All Connected“ eða „Við erum öll tengd“ Á tímum heimsfaraldurs fögnum við öllu sem tengir okkur saman.

Tengir okkur hvort öðru, samfélaginu og

okkur öll hvar sem við erum í heiminum.

Á þessu ári hvöttum við ungt fólk til að sjá fyrir sér, kanna og tjá sig sjónrænt um þessar tengingar.

Strax eftir áramótin 2021 var haft samband Mennta- og Menningarmálaráðherra, Lilju Alfreðsdóttur, með ósk um að hún legði okkur lið með því að senda bréf til skólastjórnenda og hvetja þá til þátttöku sem hún gerði í byrjun febrúar.

Ákveðið var að fara strax af stað sl. vor með því að senda bréf í alla skóla á landinu og til allra Lionsklúbba og hvetja til þátttöku. Fljótlega komu góð viðbrögð þar sem 10 skólar skráðu sig til þátttöku. Um miðjan ágúst fóru svo þessi bréf aftur í alla skóla og alla klúbba. Á haustdögum höfðu svo 16 myndlistarkennarar tilkynnt þátttöku nemenda sinna en þegar að lokadagsetningu kom voru það nemendur frá 14 skólum sem sendu inn myndir. Þegar ljóst var frá hvaða skólum nemendurnir voru þá var haft samband við formenn Lionsklúbba í viðkomandi samfélagi þar sem Lionsklúbburinn yrði tengiliður milli skólans og nefndarinnar og tóku formennirnir mjög vel í að vera með. Lionsfélagar sáu um að safna saman myndunum og velja mynd frá viðkomandi skóla í lokakeppnina hér heima.

Í byrjun desember kom 5 manna dómnefnd lionsfélaga saman til að velja vinningsmyndina frá MD109.

Dómnefndina skipuðu:

PIP Guðrún Björt Yngvadóttir Lkl. Eik, Erla



Sigurðardóttir Lkl Yr myndlistarkennari og litmálari. Hulda Hjaltadóttir Lkl. Fold listmálari, Hrund Hjaltadóttir Lkl. Fold og Jórunn Guðmundsdóttir Lkl. Yr.

Meðfylgjandi eru myndir af vinningsmyndinni og myndir sem okkur bárust frá klúbbum.


Við þökkum öllum þeim sem komu að því að gera keppnina að því sem hún varð. Sérstaklega nemendum og kennurum sem lögðu sig alla fram um að gera fallegar myndir.

*Með lionskveðju,
Hrund og Jórunn.*





Lionsklúbbur Eskifjarðar



Starf okkar í Lionsklúbbi Eskifjarðar hefur í vetur einkennst af ástandinu í landinu. Við höfum samt getað sinnt þeim fjáröflunarverkefnum sem eru hefðbundin hjá okkur. Haldið nokkra fundi í bland við vinnufundi.

Ásbjörn Guðjónsson Lionsklúbb Eskifjarðar.

Lionsklúbburinn Kaldá



Fyrsti fundur ársins var haldinn 8. janúar í Safnaðarheimili Álftaness. Góð mæting félaga og glæsilegt Pálínuboð eins okkur er von og vísa. Umdæmisstjóri 109 A, Þóra Bjarney Guðmundsdóttir, kom á fundinn til okkar og það var bæði gaman og fróðlegt að hlusta á erindi hennar enda hafði hún frá mörgu að segja.

Það má með sanni segja að þetta hafði verið langþráður fundur og vonumst við til að geta gert okkur glaðan dag á næstunni enda tilefni

til. Tilefnið sem um var rætt hér á undan er að klúbburinn fagnar 30 ára lionsstarfi þetta árið. Þess ber þó að geta að árin eru heldur fleiri eða 36 síðan Kaldá var stofnaður en fyrstu 6 árin störfuðum við sem Lionessur áður en við urðum formlega lionsklúbbur.

Jórunn Jörundsdóttir

Minning † Bjarni Haraldsson



Kveðja frá Lionsklúbbsi Sauðárkróks

Bjarni Haraldsson, kaupmaður og heiðursborgari á Sauðárkróki, er fallinn frá. Bjarni var einstakur maður. Góðmennska og kímni voru sterk einkenni þess manns er hann hafði að geyma. Bjarni var einn af stofnfélögum Lionsklúbbs Sauðárkróks, sem stofnaður var árið 1964, og var hann dyggur félagsmaður alla tíð. Á síðasta ári var hann gerður að heiðursfélaga í klúbbum.

Þegar Bjarni tjáði sig um málefni var hlustað því hann þótti ævinlega ráðagóður þegar á reyndi. Bjarni var hress og skemmtilegur félagi, mætti samvisskusamlega á fundi og tók að sér þau trúnaðarstörf sem hann var beðinn um að inna af hendi.

Við félagarnir í Lionsklúbbsi Sauðárkróks viljum þakka fyrir hin góðu kynni af honum í árunna rás. Hans verður sárt saknað sem frábærs félaga, en minningin um hans stórbrotna persónuleika sem gladdi alla með nærveru sinni og hnyttum tilsvörum, mun lifa í hjörtum okkar. Lionsfélagar þakka Bjarna Haraldssyni langa og skemmtilega samfylgd í Lionsklúbbsi Sauðárkróks.

Aðstandendum sendum við innilegar samúdarkveðjur.

Félagarnir í Lionsklúbbsi Sauðárkróks.

Heiðurssjóður Guðrúnar Bjartar.

Munum eftir Heiðurssjóðnum, öll framlög í hann skipta máli.

Upplýsingar eru á skrifstofu Lions.

Minning + Egill Skúli Ingibergsson – 29.3.1926 – 22.12.2021



Egill Skúli Ingibergsson gekk í Lionsklúbbinn Fjölmi árið 1986 og hafði starfað í klúbbnum í 35 ár þegar hann féll frá 22. desember síðast liðinn. Á starfsferli sínum sinnti hann fjölmörgum verkefnum fyrir klúbbinn og lionsshreyfinguna í heild. Minnisstæðast er sameiginlegt verkefni Lionsshreyfingarinnar á Norðurlöndum varðandi aðstoð við upptökuheimili fyrir börn í Friezino í nágrenni Moskvu. Var Agli Skúla

og Jóni Bjarna Þorsteinssyni falið að sjá um framkvæmdina. Eftir könnun aðstæðna söfnuðu þeir saman búnaði til endurhæfingar og þjálfunar fatlaðra og sjúkra barna á barnaheimilinu og sendu 40 feta gám af fullkomnum þjálfunarbúnaði til heimilisins. Við félagarnir í Lionsklúbbnum Fjölmi kveðjum Egil Skúla með söknuði og sendum fjölskyldu hans innilegar samúðarkveðjur með þökk fyrir störf hans fyrir lionsshreyfinguna undanfarna áratugi.

Jón H. Magnússon

MINNING: Egill Skúli Ingibergsson 29.3.1926 – 22.12.2021

“Og hvað ætlið þið að segja um mig að mér látnum”, sagði Skúli eftir að hafa hlustað á formann Lionsklúbbsins Fjölmi bera sig lofi og þakklæti fyrir öll hans miklu og góðu störf fyrir klúbbinn og lionsshreyfinguna þegar hann afhenti Skúla demant í Melwin Jones skjöldinn sem Skúli hafði verið sæmdur 5 árum áður fyrir farsæl störf í klúbbnum og Lionsshreyfingunni. Af meðfæddri hæversku og lítillæti þótti Skúla sjálfsagt nóg um en við sem þekktum til starfa Skúla vissum að ekkert var ofmælt í ræðu formanns.

Frá því að Skúli gekk í klúbbinn var hann ein af tryggustu mátarstöðum hans. Með störfum sínum sýndi hann að hann var einn þeirra félaga sem tók lionshugsjónina alvarlega – við leggjum lið – og aldrei stóð á liðveislu hans þegar félagarnir voru kallaðir til verka. Hann gegndi mörgum störfum innan klúbbsins á ferli sínum og á vettvangi fjölmundæmisins vann hann mikilvægt starf sem fulltrúi

Íslands við uppbyggingu barnaheimilis fyrir fjölfötluð börn í Friezino í nágrenni Moskvu. Heimilið var sameiginleg gjöf frá Lionsshreyfingunum á Norðurlöndum og var Skúli fulltrúi íslensku lionsshreyfingarinnar í því samstarfi en hann gegndi þá starfi alþjóðasamskiptastjóra ísl. fjölmundæmisins.

Við félagar hans í Fjölmi minnumst skemmtilegar frásagnar hans af ferð til Moskvu við afhendingu barnaheimilisins og við minnumst líka margra vorferða klúbbsins þar sem eiginkonur voru með í för en Skúli og Olla létu sig aldrei vanta í þær ferðir.

Nú að leiðarlokum kveðjum við félagar í Lionsklúbbnum Fjölmi góðan og tryggan féлага eftir meira en fjögurra áratuga samstarf og raunar nokkuð lengra þar sem Skúli var stundum utan klúbbsins vegna starfa sinna í öðrum landshlutum, og sendum aðstandendum hans innlegustu samúðarkveðjur.

Ottó Schopka

Lionsklúbbur Mosfellsbæjar – LIONS Í 60 ÁR



Karl Loftsson, fyrrverandi útibússtjóri hefur verið í Lionsshreyfingunni í 60 ár! Hann gekk til liðs við Lkl. Hólmavíkur 4. Janúar 1962 og var virkur í þeim klúbbi í 23 ár þangað til hann flutti til Víkur í Mýrdal 1985 og gekk þar í Lkl. Suðra. Í Suðra var hann í fimm ár og flutti þá í Mosfellsbæ og gekk í Lkl. Mosfellsbæjar. Þar hefur hann verið allar götur síðan - í 32 ár. Karl sagðist stoltur af starfi sínu innan Lionsshreyfingarinnar.

Á Hólmavík réðst klúbburinn í kaup á snjóbíl skömmu eftir að hann

var stofnaður en þetta var verkefni sem var klúbbnum í raun ofviða – en það var unnið og klárað! Karl minnst einnig ræktunarstarfs með Lkl. Suðra í Vík og einnig tók klúbburinn þar að sér að innrétta nokkur herbergi á elliheimilinu meðan hann starfaði í honum.

Á þeim rúnum 30 árum sem Karl hefur verið í Mosfellsbæ hefur hann gegnt öllum mögulegum embættum innan klúbbsins og unír hag sínum vel! Karl kynntist fyrst Lkl. Mosfellsbæjar þegar hann var fulltrúi Lkl. Hólmavíkur á umdæmisþingi á Þingvöllum í maí 1965. Lkl. Kjalarnessþings eins og klúbburinn hét þá hélt stofnskrárhátið sína þar við þetta tækifæri en klúbburinn hafði verið stofnaður í mars það ár.

Karl sagði að Lkl. Mosfellsbæjar væri einn vinsælasti klúbbur landsins, margir dugnaðarmenn hefðu unnið þar að góðum málum í gegnum árin og sér fyndist heiður að því að hafa verið svona lengi í honum.

Við félagar Karls í Lkl. Mosfellsbæjar vonum að við njótum krafta hans og nærveru um langa framtíð!

Rafn Jónsson
Formaður Lkl. Mosfellsbæjar

Örfréttir frá Lionsklúbbnum Ylfu



Nú á nýju ári berum við öll þá von í brjósti að covid faraldrinum fari að ljúka. Hann hefur sett mark sitt á allt starf hjá okkur Ylfunum á þessu starfsári. Við byrjuðum, vongóðar, með íslenskuaðstoðina okkar í vetrarbyrjun en urðum síðan að hætta, eftir órfá skipti, því ekki þótti hættandi á að halda áfram vegna smithættu hjá börnunum.

Ein af aðalfjáröflun okkar fór fram í byrjun desember. Það var jólamarkaður sem var haldinn með pompi og prakt í einu af elstu húsum Akureyrar. Til sölu var alls konar jólavarningur sem Ylfukonur átti í fórum sínum og hafði safnað ryki síðustu árin. Einnig var til sölu vandað

handunnið jólahandverk úr smiðju Ylfanna. Ekki má svo gleyma kökubasarnum sem sló í gegn. Á honum voru jólasmaakökur og fleira góðgæti tengt jólum. Margt fólk leit við og skemmtileg og ljúf stemming myndaðist þegar gestir röltu um þetta gamla hús og skoðuðu hvað var í boði.

Gerður Jónsdóttir upplýsingafultrúi Ylfu Akureyri

Minning + Móses Geirmundsson



Móses Geirmundsson fæddist 22. mars 1942 á Naustum í Eyrarsveit. Hann lést á heimili sínu Hraunbæ 103, Reykjavík 29. desember 2021.

Móses var einn af stofnfélögum Lionsklúbbs Grundarfjarðar árið 1972. Mói eins og hann var jafnan kallaður var einn af virkustu félögum Lionsklúbbsins og ávalt tilbúin til verka. Í hans orðabók var ekki til orðið NEI ef til hans var leitað í stóru eða smáu. Hann gegndi embættum

á skyldurækni og þó að ekki færi mikið fyrir honum í stjórnendastóli kom hann mönnum til að sinna verkefnum með sinni einlægni og

hlýju. Móses var algjör meistarakokkur og eftir að hin árvissu kútmagakvöld klúbbsins komust á var Móses nánast alltaf yfirkokkur og töfrað þá fram fjölbreytta sjávarfangaveislu sem frægðarorð fór af. Hann var síðast formaður klúbbsins starfsárið 2014-15 og hafði þá nokkrum sinnum gegnt formennsku í klúbbnum eða setið í stjórn. Hann var gerður að Melvin Jones félagi árið 1999 en það sama ár var Lionsklúbbur Grundarfjarðar gerður að blönduðum klúbbi með inntöku kvenna í klúbbinn og þar á meðal Dóra Haraldsdóttir eftirlifandi eiginkona hans.

Við Lionsfélagar minnumst frábærs lionsfélaga og þökkum fyrir samfylgd í gegnum lionsstarfið í bráðum 50 ár og sendum eftirlifandi eiginkonu og dætrum okkar innilegustu samúðarkveðjur.

Gunnar Kristjánsson

Lions árið 2037

Sigurður Steingrímsson vara umdæmisstjóri 109 B

Núna árið 2037 er Lionshreyfingin 120 ára, sterkari og öflugri sem aldrei fyrr. Þá verður mér hugsað 15 ár aftur í tímann. Já, þarna árið 2022 stóð Lionshreyfingin frammi fyrir verulegum vanda og mikilli óvissu, ekki bara hér á landi heldur um allan heim. Framtíð hreyfingarinnar sem hafði gegnt mikilvægu hlutverki, þjónað samfélögum stórum sem smáum og lagt góðum verkefnum lið, í rúma öld, var í raun töluvert tvísýn. Staðreyndir sem blöstu við voru m.a. að lionsklúbbum og lionsfélögum í Evrópu og víðar fækkaði ár frá ári. Allt stefndi í það að á Íslandi yrði bara eitt umdæmi eða jafnvel hluti af fjölmúðemi annars lands. Allskonar kannanir höfðu verið gerðar til að greina ástæðuna fyrir þessari erfiðu stöðu og hvað væri til ráða.

Það var þó ekki eins og lionsfélagar á fyrstu áratugum 21. aldarinnar hefðu setið auðum höndum. Mjög fjölbreytt starf var í gangi og þær nefndir í klúbbum, svæðum, umdæmum og fjölmúðemi, sem unnu að félagamálum skiluðu góðu starfi. Á hverju ári var Lionshreyfingin og starf hennar kynnt eftir ýmsum leiðum og gengu fjölmargir nýir félagar til liðs við lions á hverju ári. En þrátt fyrir þessa fjölmörgu nýliða fækkaði í hreyfingunni. Meðalaldur lionsfélaga var vissulega nokkuð hár, en fækkunin stafaði ekki af því að menn og konur hyrfu, fyrir aldurs sakir, yfir móðuna miklu. Nei, raunin var sú að fólk sem var þá nokkuð við aldur, svo ekki sé meira sagt, gegndi lykilhlutverki í starfsemi lions. Aftur á móti virtist sem yngri fólk stoppaði stutt við. Það gekk til liðs við Lions eftir að hafa fengið góða kynningu hjá öflugum lionsfólki, félaganefndum og teyllum eða öðrum sem unnu markvisst að því að fjölga félögum. Andstætt því sem verið hafði í árdaga Lionshreyfingarinnar á Íslandi, yfirgáfu nýliðarnir Lions, fundu sig ekki í starfinu og héldu á aðrar slóðir. Stjórnendur Lionshreyfing-

arinnar unnu ómælt og óeigingjarnt starf í þágu Lions á þessum árum, sem og bæði fyrr og síðar. En þrátt fyrir ötula baráttu virtist starfið ekki skila þeim árangri sem allir vonuðust til. Öflug leiðsögn, stöðug hvatning og fjölbreyttur stuðningur virtist ekki ná eyrum félaganna, né hvetja þá til dáða.

En hvers vegna urðu þessi straumhvörf í Lionshreyfingunni núna á þriðja og fjórða áratugi 21. Aldarinnar? Sjálfsagt munu sagnfræðingar greina þessar breytingar í drasl, eins og sagt var á þeim tíma, og koma með vel rökstuddar niðurstöður. Flestir eru þó sammála að hreyfingin starfar nú í meiru samræmi við nútímann en hún gerði lengi vel.

Það hafa fjölmargir tjáð í ræðu og riti að þegar þeir stóðu frammi fyrir verulegum vanda, jafnvel þegar um líf og dauða var að tefla, þá öðluðust þeir nýjan og áður óþekktan kraft sem skipti sköpum varðandi útkomuna. Ég er ekki frá því að eitthvað hliðstætt hafi gerst hjá lionshreyfingunni á þessum árum. Það var annaðhvort að duga eða drepast.

En þessi framandi kraftur kom held ekki frá alþjóðastjórn, fjölmúðemisstjórn eða umdæmisstjórnunum. Hann virðist hafa komið frá félögunum og klúbbunum sjálfum. Fjölmargir félagar áttuðu sig á því að nú varð að vinna heimavinnuna. Á örfáum árum breyttist andrúmsloftið og starfsemi Lions í þá veru sem nú er. Fyrst varð breytingin hjá einum klúbbi og barst þaðan fljótt út til annarra. Lions skipar nú fyrsta sætið hjá mörgum og annað félagsstarf og tómsundur fylgja á eftir. Meðalaldur lionsfólks er 10 árum lægri en 2022 og fjölgun síðustu ára er mest í aldurshópnum 37 til 47 ára.

En að hvaða leyti er lions öðruvísi í dag en fyrir 15 árum? Þegar litið er til baka hefur ótrúlega margt breyst. Nú mætir fólk ekki lengur á fundi, með öllum þeim formerkjum sem fundum fylgdu á þessum árum. Ég fletti

því upp og sá að hugtakið fundur var síðast notað í mínum klúbbi 2023. Síðan þá hafa lionsfélagar varið saman stundum sem heita eftir tilefniinu hverju sinni. Nöfnin tengjast iðulega einhverju sem vekur ánægju, gleði, fræðslu, stuðningi eða samveru. Í byrjun lionsársins liggur í grófum dráttum fyrir hvað stefnt er á að gera í leik og starfi. Í flestum klúbbum er lögd áhersla á að félögum líði betur eftir en fyrir. Í könnun meðal félaga sem gerð var fyrir 2 árum eða 2035 kom fram að ein megin ástæðan fyrir þátttöku í Lions væri að starfið væri bæði spennandi og skemmtilegt. Ég ræddi á dögnum við annan gamlingja í mínum klúbbi og við rifjuðum upp gömlu dagana, en hvorugur okkar saknaði formlegheitanna eða fundagerðanna sem oftar en ekki voru innihaldslitlar. Minn gamli félagi sagðist hafa verið farinn að mæta af skyldurækni frekar en áhuga, en nú hefði Lions ætíð forgang, þetta væri svo gaman. Það væri svo frábært að taka þátt í því sem yngri fólk í klúbbnum væri að gera.

Lionsfólk á Íslandi virðist hafa verið á undan mörgum öðrum í þessum breytingum, sem hafa nú breiðst út um heiminn í seinni tíð. Nokkur umræða var á tímabili hjá alþjóðastjórn um þessar breytingar á Íslandi og hvort þær samræmdust reglum Lionshreyfingarinnar. Niðurstaðan varð þó á endanum sú, sem betur fer, að þó unnið sé að einu marki undir merkjum hreyfingarinnar, má og á starfið í hverju landi fyrir sig að vera fjölbreytt og taka mið af viðkomandi þjóð fyrir sig.

Það verður annar sem skrifar um lionsstarfið að 15 árum liðnum, en ég held að sú umfjöllun verði um hreyfingu sem er enn sú langöflugasta á sínu sviði.



Munið minningarkort Lions

Falleg minningarkort Lions fánleg hjá öllum Lionsklúbbum og á skrifstofu

Lionshreyfingarinnar í síma 561 3122.

<https://www.lions.is/is/minningarkort>

EFLUM ÍSLENSKA HJÁLPARSJÓÐ LIONSHREYFINGARINNAR.

Lionsklúbbur Vestmannaeyja



Bjarney Ósk á milli móður sinnar Bjarneyjar Óskar Gylfadóttur og Arnar Andersen formanns L.V.



Vinningsmyndin í Friðarveggsjaldakeppninni 2021/2022 „við erum öll tengd“



Listræn systkini Bjarney Ósk 7 bekk GRV og Eyþór Addi 1. Bekk GRV



Jóla kortið sem Eyþór Addi teiknaði



Sigmar Georgsson formaður verkefnafundar L.V. afhendir Önnu Rós Hallgrímsdóttur skólastjóra GRV viðurkenningar fyrir þátttökuna og sigurinn



Dómnafnd L.V. f.v. Sævar Þórsson lionsmaður, Sigmar Georgsson lionsmaður, Steinunn Einarsdóttir myndlistakona og á móti Kristín Edda Valsdóttir myndlistanemi og ljósmyndarinn Óskar Pétur Friðriksson lionsmaður var einnig í dómnafnd

Bjarney Ósk Sæþórsdóttir ú 7. Bekk Grunnskóla Vestmannaeyja sigurvegari í friðarveggsjaldakeppni Lions 2021/2022 á Íslandi

Í haust var öllum grunnskólabörnum í landinu í 6. til 8. bekk boðið að taka þátt í friðarveggsjaldakeppni Lions International. Þema verkefnisins fyrir árið 2021-2022 er „**We Are All Connected**„ eða „**Við erum öll tengd**„.

Á tímum heimsfaraldurs fögnum við öllu sem tengir okkur saman. Tengir okkur hvort öðru, samfélaginu og okkur öll hvar sem við erum í heiminum. Á þessu ári býður Lions ungu fólki að sjá fyrir sér, kanna og tjá sig sjónrænt um þessar tengingar.

Alls sendu 34 nemendur úr Grunnskóla Vestmannaeyja inn mynd í keppnina.

Dómnafnd á vegum Lionsklúbbs Vest-

manneyja sem var skipuð tveimur listamönnum og þremur félögum úr lionsklúbbum valdi mynd Bjarneyjar Óskar Sæþórsdóttur úr 7. bekk Grunnskóla Vestmannaeyja sem framlag skólans í keppnina á Íslandi.

Lionsmenn heimsótti vinninghafann heim og afhentu henni viðurkenningu og kerta-skreytingu og hamingjuóskir með að hafa einnig unnið á landsvísu og myndin hennar færri áfram sem framlag Íslands í alþjóðakeppnina og værum við Eyjamenn ákaflega stoltir af þessu flotta framlagi okkar í keppnina.

Listræn systkini

Bjarney Ósk og Eyþór Addi Sæþórsbörn eru listræn systkini. Þau eiga ekki langt að sækja hæfileikana en þau eru börn Bjarneyjar Gylfadóttur listamanns og myndmenntakennara og Sæþórs Gunnarssonar bílamálara. Fyrir þessi jól tóku systkinin bæði þátt í myndasamkeppni

og eins og komið hefur fram vann Bjarney Ósk friðarveggsjaldakeppnina á Íslandi og mynd sem Eyþór Addi teiknaði er ein af þremur myndum nemenda í fyrsta bekk GRV sem þrýða munu jóla kort Vestmannaeyjabæjar þetta ári.

Við lionsmenn heimsóttum Grunnskólann í Vestmannaeyjum eftir að Hrund Hjaltadóttir hafði fært okkur gleðitíðindin að vinningsmyndin kæmi frá skólanum okkar. Við færðum skólanum innrammað þáttökusjál frá Lions og einnig ljósmynd af vinningsmyndinni. Anna Rós Hallgrímsdóttir skólastjóri tók á móti okkur og var að vonum bæði glöð og stolt og sagðist mundi koma myndunum fyrir á áberandi stað í skólanum

Óskar Pétur Friðriksson ritari og ljósmyndari

**NÝIR MODEL KLÚBBAR HAFA FREST
TIL 30. JÚNÍ 2025 TIL AÐ LJÚKA GREIÐSLUM.**



Leiðtogaskóli Lions 2022 – Fyrir þig!

Viltu verða sterkari einstaklingur og leiðtogi?

„Nauðsynlegt er fyrir alla að virkja leiðtogann í sér. Leiðtogar eru ekki endilega stjórnendur, en leiðtogar spyrja spurninga og taka engu sem gefnum hlut.“

Lee Warren kennari við Harvard háskóla í Bandaríkjunum



Leiðtogaskóli Lions 2022

Tími: 25.-27. mars 2022, þriggja daga helgi

Staður: Lionsheimilið, Hlíðasmára 14, Kópavogi

Verð: Þátttökugjald er 19.000,- (**Lækkað verð**)
Innifalið er kennsla, námsgögn, matur og kaffi auk viðurkenningarskírteinis að námi loknu. Innifalinn er kvöldverður á laugardeginum fyrir þátttakendur (makar velkomnir á kostnaðarverði).

Mörg stéttarfélög endurgreiða hluta þátttökugjalds eða allt.

Umsóknarfrestur til 21. mars 2022

Umsóknum svarað ekki seinna en 22. mars 2022

Þátttakendur: Allir Lionsfélagar geta sótt um, bæði ungir og óreyndir félagar sem og reyndir stjórnendur klúbba og hreyfingarinnar. *Námskeiðið hentar sérstaklega vel viðtakandi klúbbsjórnnum.* Námið er mjög mjög þroskandi og eflir þig sem einstakling og starfsmann. Hámarksfjöldi er 30 manns.

Marmið: Markmiðið er að þjálfa leiðtoga, byggja upp félagana og styrkja klúbbsstarfið.

Efni: Kennir íslenska efni sem Lions Clubs International hefur útbúið fyrir leiðtogaþjálfun (Leadership Development) fyrir Leiðtogaskólann (Regional Lions Leadership Institute). Náms efni og kennsla er á íslensku. M.a. verður kennt: Stjórnunarstílar og leiðtogaþæfileikar. Fjölbreytileikinn og skapandi hugsun. Samskiptafærni og virk hlustun. Að virkja og hvetja. Hópstarf, samvinna, að byggja upp teymi. Markmiðasetning og áætlanagerð. Að taka ákvarðanir og deila út verkefnum. Að leysa ágreining og stjórna deilum. Stjórnun breytinga. Að halda góða fundi. Ræðuflutningur. Bakland Lions.

Nánari upplýsingar og skráning hjá Halldóri Kristjánssyni, GLT stjóra,
sími: 520 9000, halldor@tv.is og Jóni Pálmasyni, jp@verkis.is.

Umsókn um þátttöku skal fylla út á slóðinni <https://forms.office.com/r/GcJqpuvtub>.

Ertu stjórnandi gærdagsins?

Viltu ná árangri? ... vera í fararbroddi í samfélaginu?

Gerðu eitthvað í málunum – vertu öflugt tannhjól í gangverkinu.